

Erindi dagsett 7. mars 2018 þar sem Hörður Þór Rögnvaldsson f.h. Ikaup ehf. sótti endurnýjun byggingarleyfis vegna breytinga á húsi við Suðurgötu 49 á Siglufirði, var grenndarkynnt í samræmi við 1. og 2. málsgrein 44.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir og ábendingar bárust frá sex aðilum. Á fundi skipulags- og umhverfisnefndar þann 30. apríl sl. var tæknideild falið að vinna úr þeim athugasemdum sem bárust. Lögð fram svör við innsendum athugasemdum:

#### **1. Hafsteinn Hafsteinsson, eigandi jarðhæðar Suðurgötu 51. Dagsett. 4. apríl 2018.**

a) Hækkun á þaki og uppsetning á kvisti til austurs andmælt, talið hafa í för með sér skerðingu á útsýni til norðurs. Útsýnið ein helsta ástæðan fyrir kaupum íbúðarinnar og mikilvægt að halda í það.

**Breyting á Suðurgötu 49 er ekki talið hafa í för með sér skerðingu á útsýni úr íbúð á jarðhæð Suðurgötu 51.**

b) Uppsetning á svölum til austurs andmælt þar sem talið er að þær muni einnig hafa í för með sér skerðingu á útsýni til norðurs frá íbúðinni.

**Sjá svar við lið a.**

c) Ekki er gerð athugasemd ef kvistur yrði settur á vesturhlið Suðurgötu 49.

**Athugasemd móttokin, gefur ekki tilefni til svara.**

#### **2. Marlis Sólveig Hinriksdóttir, eigandi efstu hæðar Suðurgötu 51. Dagsett. 4. apríl 2018.**

a) Fyrirhugaðar breytingar taldar hafa neikvæð áhrif á götumynd. Húsið verður óþekktanlegt og sérstaða þess, bæði hvað varðar útlit og hluta af götumynd, hverfur. Fyrirhugaður kvistur og svalir raskar upprunalegu útliti hússins. Um er að ræða gamalt hús sem ætti að halda ásýnd sinni í grófum dráttum.

**Í húsaskráningu Siglufjarðar sem unnin var 2012-13 og uppfærð í desember 2017 er ekki gerð tillaga um verndun húss við Suðurgötu 49. Hins vegar er fjallað um hinn svokallaða „Siglfirska gafli“ sem er eitt af því sem einkennir hús frá þessum tíma. Þessi stíll er talinn eiga uppruna sinn í dönsku nýbarrokki og hefur ákveðið menningarsögulegt gildi hér á Siglufirði. Gerð verður krafa um að útlit og form steypuhalla á göflum hússins haldi sér.**

b) Hækkun þaks, stærð kvists og svala koma til með að minnka birtu í íbúðinni og útsýni frá norðurglugga Suðurgötu 51.

**Afstaða húsanna Suðurgötu 49 og Suðurgötu 51 er þess eðlis að hækkun þaks um 300 mm og bygging kvists á Suðurgötu 49 mun ekki hafa áhrif á birtustig á Suðurgötu 51. Bæði stendur húsið við Suðurgötu 49 neðar í götunni, norðan við Suðurgötu 51 og er í hæfilegri fjarlægð.**

c) Talið er að framkvæmdin muni valda einhverju skuggavarpri á Suðurgötu 51 sem myndi rýra verulega verðgildi íbúðarinnar við Suðurgötu 51.

Sjá svar við lið b), afstaða húsanna er þess eðlis að skuggavarp mun ekki hafa áhrif á Suðurgötu 51.

d) Bent er á að ef kvistur og svalir yrðu sett á vesturhlið Suðurgötu 49 í stað austurhliðar, hefðu framkvæmdirnar óveruleg áhrif á Suðurgötu 51.

Athugasemd móttokin, gefur ekki tilefni til svara.

**3. Sigríður Björnsdóttir, eigandi Suðurgötu 44. Móttakið 11. apríl 2018.**

a) Komið á framfæri að þær viðbyggingar að bæta við kvisti á austurhlið Suðurgötu 49 komi ekki vel út.

Athugasemd móttokin, gefur ekki tilefni til svara.

**4. Guðbjörg Sjöfn Eggertsdóttir, eigandi miðhæðar Suðurgötu 51. Dagsett. 12. apríl 2018.**

a) Ekki er fallist á þær breytingar sem lagðar eru fram í umsókninni.

Athugasemd móttokin, gefur ekki tilefni til svara.

**5. Vilborg Jónsdóttir, eigandi Suðurgötu 47a. Dagsett. 15. apríl 2018.**

a) Bent á mikilvægi þess að húsið haldi upprunalegu útliti. Þarna sé arkitektúr og byggingaraðferð sem mikið var notað á húsum á síldarárunum. Steypuhallar ásamt hvítum línunum á stöfnum hússins stór hluti af arkitektúr hússins. Saga þess og útlit hafi mikið tilfinningalegt gildi fyrir íbúa.

Tekið er undir athugasemdir um mikilvægi þess að haldið sé í upprunalega steypuhalla sem prýða gafla hússins. Samkvæmt húsaskráningu á Siglufirði er eitt að því sem einkennir mörg steinsteypt hús frá þriðja áratug 20. aldar hvernig gaflveggir þeirra er teknir upp fyrir þakið. Gaflbrúnirnar eru yfirleitt kantaðar í siglfirsku húsunum en ekki sveigðar eins og algengara var í Reykjavík. Þessi stíll er talinn eiga uppruna sinn í dönsku nýbarokki og hefur ákveðið menningarsögulegt gildi hér á Siglufirði. Gerð verður krafa um að útlit og form steypuhalla á göflum hússins haldi sér.

**6. Leó R. Ólason, eigandi Suðurgötu 46. Dagsett 16. apríl 2018.**

a) Húsið talið falla betur að götumynd sé það hraunað.

Athugasemd móttokin, gefur ekki tilefni til svara.

b) Hækkun þaks talið hafa áhrif á útsýni.

Hækkun þaks um 300 mm er talin hafa mjög óveruleg áhrif á útsýni frá Suðurgötu 46.